



Aðalskipulag Mosfellsbæjar
2009-2030
(Endurskoðun aðalskipulags 2002-2024)

**Verkefnislýsing,
verkáætlun
skipulagsáætlunar**

Áfangaskýrsla 4

Maí 2011

**Umhverfissvið
Mosfellsbæjar**

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Gildandi aðalskipulag	4
2.1. Aðalskipulag 2002 – 2024 og áorðnar breytingar.....	4
3. Áherslur Sveitarstjórnar	4
3.1. Stefnumörkun aðalskipulagsins (endurskoðuð stefna)	4
3.1.1. Leiðarljós	4
3.1.2. Meginmarkmið.....	4
3.2. Viðfangsefni endurskoðunar.....	5
4. Helstu forsendur	7
4.1. Staðhættir.....	7
4.2. Tölulegar upplýsingar	7
4.2.1. Íbúafjöldi og spár	7
4.2.2. Spá um fjölgun íbúða.....	9
4.2.3. Umferðarspá.....	9
5. Tengsl við aðrar áætlanir	10
5.1. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2002-2024	10
5.2. Skipulag aðliggjandi sveitarfélaga	10
5.3. Landsáætlanir.....	10
5.3.1. Samgönguáætlun.....	10
5.3.2. Náttúruverndaráætlun	10
5.4. Stefnumið stjórnvalda	10
5.4.1. Velferð til framtíðar, stefnumörkun stjórnvalda 2002-2020.....	10
5.4.2. Markmið í lögum og reglugerðum	11
5.4.3. Önnur stefnumótun bæjarfélagsins	11
6. Umhverfismat endurskoðaðs aðalskipulags	12
6.1. Almennt.	12
6.2. Viðmið og umhverfisverndarmarkmið.....	12
7. Kynning og samráð	13
7.1. Almennt	13
7.2. Umsagnaraðilar	14
8. Áfangar og Tímaáætlun	14
9. Samþykkt verkefnislýsingar	15

1. INNGANGUR

Verkefnislýsing þessi tekur til aðalskipulags Mosfellsbæjar 2009-2030 en þar er um að ræða endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 sem staðfest var í júlí 2002. Verkefnislýsingin (lýsing skipulagsáætlunarinnar, verkáætlun) er í samræmi við 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Vinna við endurskoðun aðalskipulagsins hófst síðla árs 2008, á grundvelli gildandi skipulags- og byggingarlaga nr 73/1997. „Verkáætlun, matslýsing fyrir umhverfismat skipulagsáætlunar“ var gerð síðla árs 2009 og send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Matslýsingin var ekki kynnt íbúum, umsagnar- og hagsmunaaðilum enda ekki kveðið á um slíka kynningu í þágildandi lögum.

Drög að aðalskipulagstillögu lágu fyrir í öllum aðalatriðum vorið 2010 en frá þeim tíma var skipulagstillagan ásamt áfangaskýrslum 1 (Forsendur), 2 (Stefna) og 3 (Matslýsing) aðgengileg á heimasíðu Mosfellsbæjar. Haldnir voru tveir íbúafundir í tengslum við aðalskipulagsvinnuna, annars vegar almennt um skipulag bæjarinnar en hins vegar um staðsetningu nýs hesthúsasvæðis í sveitarfélaginu og aðalskipulagsdrögin voru kynnt á fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar á vordögum 2010.

Samkvæmt framansögðu er gerð tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi langt komin þegar verkefnislýsing þessi er tekin saman. Gerð lýsingar af þessu tagi er nýmæli og kom til sögunnar við gildistöku nýrra skipulagslaga um áramótin 2010/2011, en þau kveða á um að slík lýsing skuli vera fyrsta skref í skipulagsvinnunni, sbr eftirfarandi tilvitnun:

30. gr. Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirhugað stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar.

(Úr skipulagslögum nr. 123/2010).

Nýju löggin taka ekki til aðalskipulagstillagna sem sendar höfðu verið Skipulagsstofnun til athugunar áður en löggin tóku gildi, en endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar uppfyllir ekki það skilyrði og heyrir því undir nýju lögum. Það er túlkun Skipulagsstofnunar að í þeirri stöðu sé ófrávíkjanlegt að taka verði saman lýsingu í samræmi við ný lög, óháð því hvar skipulagsvinnan er stödd.

Verkefnislýsingin sem hér er sett fram, er efnislega í meginatriðum byggð á fyrrnefndri matslýsingu, sem Skipulagsstofnun samþykkti í lok árs 2009. Við hana er bætt helstu forsendum skipulagsáætlunarinnar úr áfangaskýrslu 1 og köflum um kynningu og samráð og tímaáætlun í samræmi við ákvæði nýrra skipulagslaga.

Aðalskipulagsáætlunin verður sett fram á eftirfarandi skipulagsgögnum:

Gögn til staðfestingar:	Þéttbýlisuppdráttur	m. 1:15000
	Sveitarfélagsuppdráttur	m. 1:50000
	Greinargerð, stefna og skipulags- ákvæði ásamt umhverfisskýrslu	
Önnur gögn:	Áfangaskýrsla 1, Forsendur skipulagsáætlunar	
	Áfangaskýrsla 2, Stefna skipulagsáætlunar	
	Áfangaskýrsla 3, Matslýsing, verkáætlun	
	Áfangaskýrsla 4, Verkefnislýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar.	

2. GILDANDI AÐALSKIPULAG

2.1. AÐALSKIPULAG 2002 – 2024 OG ÁORÐNAR BREYTINGAR.

Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn 12. febrúar 2003 og staðfest af umhverfisráðherra 8. júlí sama ár. Það tók við af aðalskipulagi fyrir tímabilið 1992 – 2012 sem staðfest var í maí 1994. Gerðar hafa verið 14 formlegar breytingar á gildandi aðalskipulagi frá staðfestingu þess. Skipulagstillagan sem nú er á vinnslustigi er í öllum meginatriðum byggð á gildandi skipulagi.

Tilfni endurskoðunar aðalskipulagsins eru lagafyrirmæli um reglulega endurskoðun á fjögurra ára fresti, sbr. 35. gr. skipulagлага nr 123/2010 þar sem kveðið er á um að þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum skuli sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið og skuli málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun vera sem um gerð nýs aðalskipulags sé að ræða.

3. ÁHERSLUR SVEITARSTJÓRNAR

3.1. STEFNUMÖRKUN AÐALSKIPULAGSINS (ENDURSKOÐUÐ STEFNA)

Eitt af viðfangsefnum endurskoðunarinnar var að yfirfara stefnumörkun gildandi aðalskipulags með það fyrir augum að snerpa á markmiðum sem máli skipta og fella önnur niður, sem ekki beinlínis varða aðalskipulagsmál.

Gildandi **leiðarljós**, **meginmarkmið** og **undirmarkmið** voru yfirfarin og endurskoðuð. Framkvæmdastjórum sviða Mosfellsbæjar voru sendir spurningalistar um framfylgd gildandi stefnu aðalskipulagsins, hvað hefði gengið eftir og hvað mætti betur fara. Á grundvelli gildandi stefnu, áherslna kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins og með hliðsjón af svörum framkvæmdastjóra sviða voru síðan unnin drög að endurskoðaðri stefnu og markmiðum aðalskipulagsins. M.a. var kaflaskiptingu markmiðanna breytt og þau flokkuð í kaflana: **Landnotkun**, **samgöngur og tæknimál** og **umhverfi**. Eftirfarandi eru endurskoðuð leiðarljós og markmið:

3.1.1. Leiðarljós

Í skipulagi og uppbyggingu Mosfellsbæjar skal leggja áherslu á fjölbreytta, manneskjulega byggð, þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi, vandaða umhverfismótun og góð tengsl við aðliggjandi útivistarsvæði og náttúru. Lögð skal áhersla á sérstöðu og sjálfstæði Mosfellsbæjar en einnig á stöðu hans og hlutverk í samfelldri byggð höfuðborgarsvæðisins. Skipulag bæjarins og mótun byggðar og umhverfis stuðli að velferð íbúanna.

3.1.2. Meginmarkmið

Umhverfi

Í Mosfellsbæ er sjálfbær þróun og hugmyndafræði Staðardagskrár 21 höfð að leiðarljósi í rekstri, þróun og uppbyggingu bæjarfélagsins og sterk umhverfisvitund mótar stjórn-sýslu bæjarins. Markmiðið er að lífsgæði aukist með bættu umhverfi og að bæjarbúar taki virkan þátt í þróun bæjarins og verndun umhverfis í Mosfellsbæ.

Í stefnu Mosfellsbæjar um sjálfbært samfélag til 2020, sem samþykkt var í júlí 2009, er m.a. lögð áhersla á að Mosfellsbær muni

- vera í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í sjálfbærri þróun,
- stuðla að fjölbreyttu mannlífi í sátt við náttúruna,
- stuðla að aukinni umhverfisvitund bæjarbúa og styðja við hana.

+ Undirmarkmið fyrir: **Umhverfismál**, **náttúruvernd**, **náttúruminjar**, **auðlindir**, **auðlinda-nýtingu**

Landnotkun

Mosfellsbær leggur áherslu á góð búsetuskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi. Gera skal ráð fyrir fjölbreyttum húsa- og íbúðagerðum í hverfum með ólíkum eiginleikum sem uppfylla mismunandi þarfir íbúa á öllum æviskeiðum.

Mosfellsbær leggur áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf í sátt við umhverfið og í samhengi við sérstöðu bæjarins. Við skipulag og uppbyggingu bæjarins verði mótað heilnæmt og fallett bæjarumhverfi sem höfði til metnaðarfullra fyrirtækja.

Leggja skal áherslu á að umhverfismótun og skipulag byggðar taki mið af félagslegum, menningarlegum og uppeldislegum sjónarmiðum, sem byggjast á tengslum íbúanna við náttúrulegt umhverfi, útivist, aðgengi að menningarverðmætum og atvinnulífi.

+ Undirmerkið fyrir: **Íbúðarbyggð, svæði fyrir þjónustustofnanir, miðsvæði, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, svæði fyrir frístundabyggð, opin svæði til sérstakra nota, landbúnaðarsvæði, þjóðminjavendarsvæði, hverfisvendarsvæði**

Samgöngur og tæknimál

Skipulag umferðarkerfis Mosfellsbæjar skal stuðla að góðum samgöngum innanbæjar og tengingum við nágrannabyggðir jafnt fyrir akandi, gangandi og hjólandi vegfarendur. Við skipulag umferðarkerfis bæjarins skal stefna að lágmörkun mengunar og hámarksöryggi allra vegfarenda. Stefnt verði að því að almenningssamgöngur verði raunhæfur valkostur sem flestra.

Veitur bæjarins skulu tryggja nægjanlegt framboð af góðu vatni til neyslu og hitunar og skal tryggt að þeim auðlindum verði ekki spillt. Fráveitumálum verði þannig fyrir komið að ekki valdi skaða á umhverfinu.

+ Undirmerkið fyrir: **Samgöngumál, gatnakerfi, umferðaröryggismál, veitur, sorp**

3.2. VIÐFANGSEFNI ENDURSKOÐUNAR

Bæjarstjórn samþykkti í upphafi verks að auk leiðréttinga og uppfærslu skipulagsgagna m.v. núverandi stöðu mála og yfirferðar á heildarstefnumörkun, skyldi endurskoðun aðalskipulagsins beinast sérstaklega að eftirtöldum þáttum:

Vesturlandsvegur, sambúð vegar og byggðar í Mosfellsbæ.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir sjö mislægum gatnamótum og þverunum á Vesturlandsvegi þar sem hann fer um Mosfellsbæ. Aðeins ein þessara gatnamóta hafa þegar verið byggð (við Leirvogstungu/Tungumela), og önnur eru ekki á samgönguáætlun. Hingað til hefur verið lögð áhersla á að aðskilja umferð um Vesturlandsveg (gegnumakstursumferð) sem mest frá innra gatnakerfi bæjarins. Til bráðabirgða hafa verið gerð nokkur hringtorg á veginum, þ.e. við Korpúlfsstaðaveg, Skarhólabraut, Langatanga, Þverholt, Varmá og Þingvallaveg.

Litið er svo á að Vesturlandsvegur eins og hann er skilgreindur í gildandi aðalskipulagi hafi í för með sér neikvæð áhrif á bæjarbrag og umhverfi í Mosfellsbæ (klofningsáhrif, loft- og hljóðmengun, umferðaröryggi, landnýting o.fl.) og því þurfi að endurmeta stöðu hans og útfærslu.

Stefnumörkun fyrir byggð í Mosfellsdal.

Um er að ræða svæði í Mosfellsdal sunnan Þingvallavegar, sem skilgreind eru fyrir blandaða landnotkun, íbúðarbyggð/landbúnaður í gildandi aðalskipulagi. Alls er um að ræða 174 ha og miðað er við að þéttleiki byggðarinnar verði um 1,0 íb/ha. Þar hefur á umliðnum árum þróast strjál byggð íbúðarhúsa og atvinnustarfsemi, svo sem búskapur í smáum stíl, garðyrkja, blómarækt og hestamennska.

(Stefnumörkun gildandi aðalskipulags fyrir svæðið var tekin til sérstakrar athugunar snemma í skipulagsvinnunni, en með þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að endurskoða hana.)

Framtíðar hesthúsasvæði

Hesthúsasvæðið á Varmárbökkum er 14,4 ha og verður að teljast nánast fullnýtt. Því þykir sveitarstjórn tímabært að vinna að undirbúningi skipulags nýs hesthúsasvæðis eins og reyndar kom þegar fram í greinargerð með gildandi aðalskipulagi. Finna þarf hentuga staðsetningu, en stærð nýs svæðis og umfang aðstöðu er m.a. háð því í hve góðum tengslum það verður við núverandi hesthúsasvæði.

Ævintýragarður í Ullarnesbrekkum

Bæjarstjórn hefur ákveðið að gera ævintýragarð á milli Varmár, Köldukvíslar og Vesturlandsvegar. Árið 2009 var efnt til samkeppni um skipulag garðsins og stefnt er að framkvæmdum á

grundvelli niðurstöðu samkeppninnar. Gera þarf ráð fyrir garðinum á landnotkunaruppdrætti og setja um hann nánari ákvæði í greinargerð, m.a. með tilliti til þess að innan hans eru hverfisvernduð svæði.

Stefnumörkun fyrir frístundabyggð.

Ekki verður bætt inn á aðalskipulag nýjum svæðum fyrir frístundabyggð, en bæjarstjórn vill skýra frekar skipulagsákvæði í aðalskipulaginu fyrir þegar skilgreind frístundabyggðarsvæði, s.s. um stærðarmörk frístundahúsa, í því skyni að draga úr ásókn í fasta búsetu á svæðum fyrir frístundabyggð í nánd við þéttbýli.

Framtíðarbyggingarsvæði fyrir íbúðir

Í gildandi aðalskipulagi eru skilgreind íbúðarsvæði, sem samkvæmt spám um fólksfjölda og íbúðarþörf eru nægileg til allt að tuttugu ára. Engu að síður leggur bæjarfélagið áherslu á að skilgreina til viðbótar nokkur svæði á landi bæjarins sem framtíðarbyggingarsvæði til þess að tryggja æskilegan fjölbreytileika í lóðarframboði (bæjarfélagið/einkaaðilar). Um er að ræða svæði sem tengist byggðarsvæðum í Lágafellslandi og nýrri íbúðarbygging í Krikahverfi, en saman gætu þessi svæði myndað skólahverfi af æskilegri stærð.

Athafnasvæði/iðnaðarsvæði.

Annars vegar er um að ræða endurmat skilgreininga í samræmi við starfsemi á svæðunum og hins vegar hugsanlega stækkun athafnasvæðis á Tungumelum og athugun á því, hvort þörf sé fyrir ný athafnasvæði á skipulagstímabilinu og hvar þeim verður best valinn staður.

Tengibrautir, endurskoðun skilgreininga.

Tengibrautakerfið heldur utan um tiltölulega dreifða byggð í Mosfellsbæ og er að mestu leyti óháð Vesturlandsvegi. Í gildandi aðalskipulagi er tengibrautum skipt í tvo flokka eftir eðli þeirra, umferðarmagni og umferðarhraða.

- Tengibraut í 1. flokki hefur 50 km/klst. hámarkshraða, ekki er heimilt að hafa bifreiðastæði við götuna og engar hraðahindranir eða sérstakar aðgerðir á akbraut vegna gangbrauta gerðar.
- Tengibraut í 2. flokki getur haft breytilega útfærslu eftir því umhverfi sem hún fer um. Hámarkshraði er að jafnaði 50 km/klst. en getur verið 30 km/klst. á köflum. Byggð getur verið nær 2. flokks tengibraut en 1. flokks.

Viðfangsefni endurskoðunar er að yfirfara flokkun gatna að þessu leyti og kanna m.a. hvort hugsanlega séu einhverjar umferðargötur skilgreindar að óþörfu sem tengibrautir.

Hverfisverndarsvæði.

Endurskoðun á afmörkun hverfisverndarsvæða og hverfisverndarákvæðum er eitt af viðfangsefnum aðalskipulagsáætlunarinnar. Tilgangurinn er að laga hverfisverndarákvæðin nánar að aðstæðum á hverju svæði og gera þau markvissari. Einnig skyldi skoðað hvort skilgreina ætti fleiri hverfisverndarsvæði í sveitarfélaginu.

Ýmis önnur atriði

- Í gildandi aðalskipulagi eru **þéttbýlismörk Mosfellsbæjar** ekki skilgreind. Sveitarstjórn telur slíka skilgreiningu nauðsynlega, m.a. vegna umfangs veghelgunarsvæða Vegagerðarinnar og álagningar gatnagerðargjalda á íbúðarsvæðum, t. d. í Mosfellsdal.
- **Afmörkun friðlands við Varmárósa** í gildandi aðalskipulagi er ekki í samræmi við formlega friðlýsingu samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 506/1987. Leiðréttu þarf afmörkunina á endurskoðuðum aðalskipulagsuppdrætti.
- **Mörk vatnsverndarsvæða** upp af Mosfellsdal í gildandi aðalskipulagi eru ekki í samræmi við hnitsetta afmörkun í svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Leiðréttu þarf afmörkunina á endurskoðuðum aðalskipulagsuppdrætti.

4. HELSTU FORSENDUR

4.1. STADHÆTTIR

Sveitarfélagið Mosfellsbær er tæpir 20.000 hektarar (ha) að flatarmáli. Þar af eru rúmlega 3.000 ha undir 100 m hæð yfir sjávarmáli. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er núverandi þéttbýli um 370 ha og rúmlega 800 ha teljast vera landbúnaðarsvæði.

Lögsögumörk við Kópavog og Seltjarnarnes syðst í sveitarfélaginu beggja vegna þjóðveggar við Sandskeið eru óviss og er skipulagi frestað á því svæði í gildandi aðalskipulagi.

Mikil uppbygging hefur verið í sveitarfélaginu síðustu árin og bærinn stækkað umtalsvert. Á árinu 2008 eru þrjú íbúðarhverfi í uppbyggingu, Krikahverfi, Helgafellshverfi og Leirvogstunga. Einnig stendur yfir uppbygging á mörkum Höfðahverfis og Blikastaðalands, við Hulduhóla, Hamrafell og víðar, þó í minni mæli sé. Ljóst er því að þéttbýli bæjarins hefur stækkað verulega á síðustu árum, en skilgreining þéttbýlismarkna er eitt af viðfangsefnum endurskoðunar á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

4.2. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR


Við endurskoðun aðalskipulagsins er ástæða til að yfirfara þær tölulegu forsendur, sem liggja að baki áætlunum um landþörf fyrir m.a. íbúðarbyggð og umferðarmannvirki og endurskoða spár þar að lútandi.

4.2.1. Íbúafjöldi og spár

Talsverður munur er á íbúapróun á höfuðborgarsvæðinu, annars vegar og á landsvísu hins vegar. Til höfuðborgarsvæðisins teljast sveitarfélögin Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Álftanes og Hafnarfjörður.

Síðastliðin 18 ár hefur árleg fjölgun íbúa á landinu öllu verið um 1,2% en allra síðustu ár um 2%. Á höfuðborgarsvæðinu hefur íbúum fjölgað ört á sama tímabili, eða um 1,8% á ári.

1. desember 2008 voru íbúar á höfuðborgarsvæðinu 201.585 (sjá línurit hér að neðan) en þá voru 8.469 íbúar í Mosfellsbæ. Þar hefur íbúum fjölgað mjög ört, sérstaklega á síðastliðnum áratug, en meðaltal s.l. 18 ára er 3,9 %.



Í tengslum við gerð Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 var unnin mannfjöldaspá fyrir höfuðborgarsvæðið og einstök sveitarfélög innan þess. Gerð er grein fyrir þeirri spá í gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, og er hún tekin upp hér og hún framlengd til

ársins 2030. Auk mannfjöldaspár Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er unnin spá þar sem fjölgunin í sveitarfélaginu síðustu 18 ár er framreiknuð til ársins 2030.

Spá um íbúafjölda í Mosfellsbæ

Spáð er um þróun mannfjölda í sveitarfélaginu næstu áratugina út frá eftirfarandi forsendum:

- Mannfjöldaspá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.
- Mannfjöldaspá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins framlengd frá 2024 til 2030.
- 3,9% fólksfjölgun, sbr fólksfjölgun síðustu 18 ára í Mosfellsbæ.

Spárnar eru sýndar á línuriti hér að framan. Spá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, (spá A) er sýnd frá 2001 eða það tímabil sem svæðisskipulagið tekur til, til ársins 2024 en eftir það er hún framlengd til ársins 2030 (spá B). Eins og sjá má var íbúafjölgun í Mosfellsbæ frá 2000 til 2007 ívið minni en spá svæðisskipulagsins gerði ráð fyrir. Síðustu fjögur árin hefur íbúum þó fjölgað ört í bænum og er íbúafjöldinn 2008 ívið meiri en spá svæðisskipulagsins gerði ráð fyrir. Ef íbúapróunin fylgir spá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins næstu árin (Spá A) og framlengdri spá til 2030 (spá B), verða íbúar í Mosfellsbæ um 9.300 árið 2012, um 13.800 árið 2024 og um 16.000 árið 2030. Í spá C verða íbúar um 9.900 árið 2012, um 15.600 árið 2024 og um 19.700 árið 2030.

Fólksfjöldi samkvæmt spám:

Ár	Spá A/ B	Spá C
2008	8.500	8.500
2012	9.300	9.900
2024	13.800	16.200
2030	16.000	19.700

Aldursdreifing

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er aldersdreifing íbúanna áætluð til ársins 2024 fyrir höfuðborgarsvæðið í heild, ekki einstök sveitarfélög innan þess. Hagstofa Íslands hefur áætlað aldersdreifingu landsmanna til ársins 2030.

Á næstu tveimur áratugum verða veigamiklar breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Hlutfall barna og ungmenna af heildarmannfjölda lækkar, hlutfall fólks á starfsaldri breytist lítið en hlutfall fólks á eftirlaunaaldri hækkar umtalsvert enda hafa lífslíkur fólks aukist og fæðingatiðni dregist saman. Ef lítið er örlítið lengra fram í tímann fer hlutfallstala fólks á starfsaldri einnig að lækka og hlutfallstala aldraðra hækkar ört. Þessar breytingar koma glögggt í ljós í framreikningum mannfjölda í Mosfellsbæ þótt að- og brottflutningsmynstur geti hugsanlega haft minni háttar áhrif á tölurnar. Sveitarfélagið þarf eins og öll önnur sveitarfélög á landinu að hafa viðbúnað gagnvart þeim þar sem þjónusta við aldraða verður þegar fram líða stundir mun umfangsmeiri og hærri hlutfall af rekstrarkostnaði en nú er.

Tilgáta um aldurshlutfall í Mosfellsbæ 2012, 2024 og 2030 byggð á breytingum á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísi:

	Mosfellsbær				Höfuðborgarsvæðið			Landið
	2008	2012	2024	2030	2008	2012	2024	2030
0-4 ára	7,9%	7,7%	7,1%	7,0%	7,2%	6,9%	6,3%	6,2%
5-14 ára	16,4%	16,5%	16,8%	16,1%	13,1%	13,1%	13,2%	12,5%
15-24 ára	14,2%	13,8%	12,7%	12,8%	14,4%	13,9%	12,6%	12,7%
25-54 ára	44,4%	42,9%	39,3%	38,6%	43,8%	42,3%	38,5%	37,5%
55-74 ára	15,0%	16,9%	21,2%	21,5%	15,9%	17,7%	22,1%	22,0%
75 +	2,1%	2,2%	2,9%	4,0%	5,6%	6,2%	7,4%	9,1%

4.2.2. Spá um fjölgun íbúða

Árið 2006 voru 2,53 íbúar að meðaltali á hverja íbúð á höfuðborgarsvæðinu og sama ár 3,02 íbúar að meðaltali á hverja íbúð í Mosfellsbæ.¹ Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er því spáð að íbúum í hverri íbúð fækki að meðaltali. Árið 2012 verði 3,0 íbúar í hverri íbúð í Mosfellsbæ en 2024 verði 2,78 íb./íb. og er hér áætlað að svo verði til ársins 2030.

Þær spár sem gerðar voru til að segja fyrir um fólksfjölgunina gefa mismunandi tölur fyrir íbúðapörf. Áætla má að þörfin fyrir nýjar íbúðir í sveitarfélaginu verði á bilinu 270-530 fram til ársins 2012, 1.830-2.640 fram til ársins 2024 og 2.590-3.850 til ársins 2030, allt eftir því við hvora spána miðað er:

Áætluð íbúðapörf

Tímabil	Spá A/ B	Spá C
2008-2012	270	530
2012-2024	1.560	2.110
2024-2030	790	1.260
2008-2030	2.620	3.900

Síðustu árin hefur mikið verið byggt í Mosfellsbæ og stór íbúðarhverfi deiliskipulögð. Meginhluti uppbyggingarinnar árið 2008 er í þremur íbúðarhverfum, Krikahverfi sem er nær fullbyggt, Leirvogstungu sem er langt komin í uppbyggingu og Helgafellshverfi þar sem bygging húsa er þó vart hafin. Samtals eru í þessum hverfum um 1.530 íbúðir í byggingu á ýmsum stigum eða í undirbúningi. Auk þess liggur nú fyrir nýtt deiliskipulag miðbæjarsvæðisins þar sem gert er ráð fyrir um 200 nýjum íbúðum.

Miðað við íbúðapörf sveitarfélagsins til ársins 2024 sem áætluð er á bilinu 1.830-2.640 duga ofangreind fjögur svæði fram til þess tíma. Í gildandi aðalskipulagi eru fjögur önnur óbyggð svæði skilgreind sem íbúðarsvæði og því þarf ekki að gera ráð fyrir öðrum íbúðarsvæðum á skipulagstímabilinu eða fram til ársins 2030 en þeim sem þegar hafa verið skilgreind í aðalskipulagi.

4.2.3. Umferðarspá

Umferð um Vesturlandsveg árið 2006, sem líta má á sem núverandi umferðarmagn þar sem umferðin hefur verið að dragast saman frá 2008, var frá 19.000 ÁDU við Lágafell syðst í bænum til 6.000 ÁDU við Leirvogsgá nyrst í bænum (ÁDU = meðalumferð á sólarhring yfir árið).

Áætlað er að um 25% umferðar um Vesturlandsveg við Skarhólabraut sé gegnumakstur um Mosfellsbæ, þ.e. heldur áfram vestur og norður í land. Um 75% umferðar um Vesturlandsveg við Skarhólabraut á því erindi í / úr Mosfellsbæ eða um Þingvallaveg.

Umferðarspá svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins gerði ráð fyrir að árin 2012 og 2024 verði umferðin um Vesturlandsveg eins og fram kemur í eftirfarandi töflu (tölur eru ÁDU):

Vesturlandsvegur	Talningar 2006	Spá svæðisskipulags f. 2012	Spá svæðisskipulags f. 2024
- við Lágafell	19.000	40.000	48.000
- austan Langatanga	14.000	26.000	39.000
- norðan Þingv.vegar	7.000	14.000	28.000
- við Leirvogsgá	6.000	10.000	20.000

Umferð á Vesturlandsvegi, talningar og spár

Eins og fram hefur komið er eitt af meginviðfangsefnum endurskoðunar aðalskipulagsins að bera saman kosti um útfærslu Vesturlandsvegar í Mosfellsbæ og tenginga við hann.

¹ Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands

5. TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR.

5.1. SVÆÐISSKIPULAG HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2002-2024

8 sveitarfélög eiga aðild að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2002-2024, sem staðfest var 20. desember 2002: Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Álftanes og Hafnarfjörður. Svæðisskipulagið tekur einkum til eftirtalinna málaflokka:

- Landnotkunar og þróunar byggðar
- Landslagsskipulags og heildaryfirbragðs byggðar
- Samgöngumála
- Umhverfismála
- Mats á áhrifum samfélagslegra og hagrænna þátta á þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu og gerð svæðisskipulagsins.

Margar breytingar hafa verið gerðar á svæðisskipulaginu frá upphaflegri staðfestingu. Tvær þeirra voru gerðar að ósk Mosfellsbæjar: 2005 var landnotkun í Leirvogstungu breytt í íbúðarsvæði og 2011 var settur inn byggðarreitur í landi Sólvallda vegna fyrirhugaðs sjúkrahúss.

Hugsanleg stækkun og/eða fjölgun byggingarsvæða í Mosfellsbæ getur kallað á samsvarandi breytingar á svæðisskipulaginu.

5.2. SKIPULAG AÐLIGGJANDI SVEITARFÉLAGA

Mosfellsbær á mörk að Reykjavíkurborg í suðvestri og norðaustri (Kjalarnes), Kópavogi í suðvestri, Seltjarnarnesi í suðri, Sveitarfélaginu Ölfusi í suðaustri, Bláskógabyggð í norðaustri og Grímsnesi og Grafningshreppi í austri.

Gæta þarf samræmis og hafa samráð um byggðarþróun á sveitarfélagsmörkum, einkum þar sem þéttbýli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar liggja saman (þjónustukjarni við bæjarmörkin í suðri og byggð við Leirvogsa við bæjarmörkin í norðri). Sameiginlegar skipulagslínur eru að öðru leyti fyrst og fremst vegir, flutningslínur og fjarskiptalagnir.

5.3. LANDSÁÆTLANIR

5.3.1. Samgönguáætlun

Í samgönguáætlun 2009-2012 eru framkvæmdir við Hringveg á köflunum Úlfarsfellsvegur-Hafravatnsvegur og Hafravatnsvegur-Þingvallavegur á áætlun til 2011. Hafist var handa við breikkun Hringvegar á milli Þverholts og Þingvallavegar árið 2010 og lýkur því verki 2011.

5.3.2. Náttúruverndaráætlun

Í tengslum við gerð Náttúruverndaráætlunar hefur Umhverfisstofnun gert tillögu að friðlýsingu búsvæðis plantna og dýra í Leirvogi–Blikastaðakró í Mosfellsbæ og Reykjavík. Svæðið er í heildina um 5 km² og innan Mosfellsbæjar er um að ræða voginn og fjöruna neðan byggðar og Varmárósa.

5.4. STEFNUMIÐ STJÓRNVALDA

5.4.1. Velferð til framtíðar, stefnumörkun stjórnvalda 2002-2020

Árið 2002 samþykkti ríkisstjórnin stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi undir heitinu „Velferð til framtíðar.“ Áætlunin var endurskoðuð á árinu 2005 og sett fram í ritinu „Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2006-2009.“ Mörg áhersluatriði þessarar stefnumörkunar hafa þýðingu sem viðmið fyrir umhverfismat endurskoðaðs aðalskipulags.

5.4.2. Markmið í lögum og reglugerðum

Í skipulagslögum nr 123/2010; 1. grein:

- „að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,
- að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
- að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lög- aðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
- að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,
- að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.“

Í lögum um umhverfismat áætlana nr 105/2006; 1. grein:

„Markmið laga þessara er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfis- áhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.“

Í Jarðalögum nr. 819/2004; 1. grein:

„Markmið þessara laga er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.“

5.4.3. Önnur stefnumótun bæjarfélagsins

Staðardagskrá 21 - stefnumótun Mosfellsbæjar til 2020

Stefnan „Mosfellsbær sjálfbært samfélag“ var samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar í júlí 2009 sem niðurstaða vinnu verkefnisstjórnar Staðardagskrár 21 og stefnumótunarvinnu með þátttöku starfsmanna Mosfellsbæjar, kjörinna fulltrúa og íbúa sveitarfélagsins. Stefnan er velferðaráætlun í anda Staðardagskrár 21 og fjallar um það hvernig bærinn skuli þróast á sjálfbæran og framsækinn hátt á næstu árum og áratugum. Í stefnumótunarskýrslu er m.a. sett fram eftirfarandi framtíðarsýn:

- Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi.
- Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð er ávallt höfð að leiðarljósi.
- Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar eru skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi.
- Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.

6. UMHVERFISMAT ENDURSKOÐAÐS AÐALSKIPULAGS

6.1. ALMENNT.

Eins og áður er komið fram var gerð matslýsing fyrir væntanlega umhverfisskýrslu og lögð fyrir Skipulagsstofnun, sbr. ákvæði í lögum um umhverfismat áætlana um að haft skuli samráð við stofnunina um umfang og nákvæmni umhverfisskýrslu.

Í matslýsingunni (Áfangaskýrslu 3) var gerð ítarleg grein fyrir þeim þáttum sem endurskoðunin skyldi beinast að, skipulagskostum og umhverfisaðstæðum, umhverfisþáttum sem lagðir yrðu til grundvallar umhverfismati skipulagsáætlunarinnar og viðmiðum og umhverfisverndarmarkmiðum. Nánar um efni matslýsingar vísast til áfangaskýrslu 3, en hér að neðan eru þó tilgreind viðmið og umhverfisverndarmarkmið sem þar voru sett fram.

Drög að umhverfisskýrslu liggja þegar fyrir og verður hún sett fram sem hluti af greinargerð aðalskipulagsins.

6.2. VIÐMIÐ OG UMHVERFISVERNDARMARKMIÐ.

Eftirtalin stefnuskipti sem innihalda viðmið verða lögð til grundvallar mati á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunarinnar:

- Skipulags-og byggingarlög nr. 123/2010
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999
- Þjóðminjalög
- Reglugerð um hávaða nr. 400/1998
- Náttúruverndaráætlun
- Samgönguáætlun
- Válisti, plöntur og dýr
- Velferð til framtíðar, stefnumörkun 2002 - 2020

Ennfremur staðfestar skipulagsáætlanir nágrannasveitarfélaga, Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2002-2024-og Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024.

Eftirfarandi eru helstu áhersluatriði „Velferðar til framtíðar,” sem geta haft áhrif á aðalskipulag Mosfellsbæjar:

Heilnæmt andrúmsloft

- Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.

Hreint og heilnæmt ferskvatn

- Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni, sem er ómengað af efnum og örverum, til neyslu og annarra nytja.
- Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga.
- Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.

Útivist í sátt við náttúruna

- Réttur almennings að frjálsum aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða.
- Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.

Vernd lífríkis Íslands

- Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða.

Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

- Tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaauðlindirnar sem þær búa yfir og búsvæði þeirra.
- Öll nýting hinnar lifandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt.
- Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.

7. KYNNING OG SAMRÁÐ

7.1. ALMENNT

Í skipulagslögum nr. 123/2010 og í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er kveðið á um kynningar og samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila á hinum ýmsu stigum skipulagsferlisins. Helstu ákvæði skipulagslaganna í þessu efni eru:

- Almennt skal leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, viðkomandi stjórnvalda og hagsmunaaðila við tillögugerðina.
- Leita skal umsagnar um verkefnislýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana almenningi.
- Áður en tillaga er tekin til afgreiðslu: Tillaga, forsendur og umhverfismat kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Einnig kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga, svæðisskipulagsnefnd og öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta.
- Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu til auglýsingar skal hún send Skipulagsstofnun til athugunar og síðan auglýst á hefðbundinn hátt með 6 vikna athugasemdafresti.

Ákvæði um kynningu og samráð í lögum um umhverfismat:

- Hafa skal samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni umhverfisskýrslu.
- Auglýsing/kynning umhverfisskýrslu í 6 vikur samhliða áætlun.
- Senda skal áætlun og umhverfisskýrslu Skipulags- og Umhverfisstofnunar, hlutaðeigandi sveitarfélögum og öðrum aðilum áður en áætlun er tekin til afgreiðslu.

Í skipulagsferlinu hefur fram að þessu verið haft óformlegt samráð við fjölmarga aðila í bænum, bæði einstaklinga og félagasamtök, um einstök málefni. Haldnir hafa verið tveir almennir íbúafundir um skipulagið og skipulagsmálin hafa verið kynnt sérstaklega á fundum með íbúum í Mosfellsdal. Skipulagsgögnin, s.s. áfangaskýrslur og drög að tillögum, hafa verið aðgengileg á sérstöku vefsvæði á heimasíðu bæjarins.

Leitað var umsagnar um drög að endurskoðuðu aðalskipulagi og umhverfisskýrslu hjá viðkomandi nefndum og málavörðum Mosfellsbæjar og komu þar fram ýmsar ábendingar, sem skipulagsnefnd hefur tekið afstöðu til.

Haft var formlegt samráð við Skipulagsstofnun um „umfang og nákvæmni“ í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins eins og lög um umhverfismat áætlana kveða á um, með því að matslýsing (Áfangaskýrsla 3) var lögð fram við stofnunina til umsagnar. Þá hafa sjónarmið Mosfellsbæjar um gerð skipulagsins verið kynnt á fundum með Vegagerðinni.

Næstu skref varðandi kynningar og samráð:

Kynning verkefnislýsingar. Lýsingin verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Hún verður einnig kynnt almenningi með auglýsingu og framlagningu á netinu og á bæjar-skrifstofunni. Gefinn verður 2-ja vikna frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum.

Kynning skv. 2. mgr. 30. gr. (Á undan afgreiðslu tillögu í bæjarstjórn). Tillaga, forsendur og umhverfismat verða kynnt á almennum fundi eða opnu húsi, sem auglýst verður með áberandi hætti. Tillögugögnin verða jafnframt kynnt viðkomandi sveitarfélögum og umsagnaraðilum með því að þeim verða send bréf með tilvísun í vefslóð þar sem kynningargögnin verður að finna.

Tillagan tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn og send Skipulagsstofnun til athugunar eftir að hún hefur verið samþykkt til auglýsingar.

Auglýsing aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu með 6 vikna athugasemdafresti. Tillögugögn verða jafnframt send umsagnaraðilum, sbr. lög um umhverfismat áætlana.

Móttaka og úrvinnsla athugasemda. Tekin verður afstaða til allra athugasemda sem berast kunna og metið hvort breyta skuli tillögu vegna þeirra. Umsagnir/svör skipulagsnefndar verða send þeim sem athugasemdir gerðu og niðurstaða bæjarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins verður auglýst.

7.2. UMSAGNARAÐILAR

Í kynningar- og samráðsferli því sem rakið er hér að framan verður leitað til eftirtalinna umsagnaraðila eftir því sem við á:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
- Vegagerðin
- Fornleifavernd ríkisins
- Flugmálastjórn (eða Isavia)
- Svæðisskipulagsnefnd
- Sveitarfélög (**Aðilar að svæðisskipulagi** og aðliggjandi):

Kjósarhreppur

Reykjavík

Kópavogur

Seltjarnarnes

Garðabær

Sveitarfélagið Álftanes

Hafnarfjörður

Sveitarfélagið Ölfus

Bláskógabyggð

Grímsnes og Grafningshreppur


8. ÁFANGAR OG TÍMAÁÆTLUN

Bæjaryfirvöld stefna að því að auglýsa formlega tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi á síðustu mánuðum 2011 og að endurskoða skipulag verði samþykkt í bæjarstjórn og staðfest á fyrstu mánuðum 2012. Áfangar og tímaáætlun í því sem eftir er af skipulagsferlinu verði sem hér segir:

Kynning verkefnislýsingar	maí/ júní
Lögð fram fyrir almenning, send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum	
Frágangur tillögu og kynningarefnis	maí – júlí
Birting á heimasíðu	
Kynning skv. 2. mgr. 30. gr.	miður ágúst
Íb.fundur eða opið hús, gögn send umsagnaraðilum	
Tillaga lögð fyrir bæjarstjórn	miður sept.
Samþykkt til auglýsingar, send Skipulagsstofnun	
Yfirferð Skipulagsstofnunar, hugsanlegar lagfæringar	til miðs okt.
Auglýsing tillögu skv. 31. gr.	okt./nóv. – miðs des.
Hefðbundin auglýsing og framlagning, gögn einnig send umsagnaraðilum, athugasemdafr. til miðs des.	
Umfjöllun um athugasemdir og tillögu, samþykkt	jan. – febr.
Hugsanlegar breytingar, lokafrágangur gagna, samþykkt bæjarstjórnar	
Staðfesting Skipulagsstofnunar	mars/apríl 2012

9. SAMÞYKKT VERKEFNISLÝSINGAR

Verkefnislýsing þessi, sem er í samræmi við 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010
var samþykkt í skipulagsnefnd þann 17. maí 2011
og í Bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann 25. maí 2011



Skipulagsfulltrúi
Mosfellsbæjar